

STJÓRNARTÍÐINDI A 32 – 1995

31. desember 1995

829

Nr. 156

LÖG

um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins,
nr. 29/1963, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögina bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þeir starfsmenn Sjúkrahúss Reykjavíkur, sem við gildistöku laga þessara starfa hjá Sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala, Reykjavík, og eiga aðild að sjóðnum, skulu eiga rétt til áframhaldandi aðildar að sjóðnum með óslitinni réttindaávinnslu frá þeim tíma sem Sjúkrahús Reykjavíkur tekur til starfa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 31. desember 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðrik Sophusson.

31. desember 1995

Nr. 157

LÖG

um breytingu á lögum nr. 92 24. maí 1994,
um Þróunarsjóð sjávarútvegsins,
sbr. lög nr. 89 21. júní 1995.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „á árinu 1995“ í ákvæði til bráðabirgða I í lögnum kemur: á árinu 1996.

2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða III í lögnum orðast svo:

Sjávarútvegsráðherra er, þrátt fyrir ákvæði 7. gr., heimilt að ákveða að til ársloka 1996 skuli styrkur vegna úreldingar krókabáta vera hærra hlutfall af húftýggingarmati en gildir

um önnur skip. Jafnframt er heimilt að ákveða að til 1. október 1996 geti úreldingarstyrkur vegna krókabáta numið að hámarki 80% af húftryggingarverðmæti. Á sama tímabili er Þróunar sjóði heimilt að kaupa krókabáta sem hafa verið úreltir. Getur sjóðurinn m.a. notað þá til þróunarverkefna erlendis.

Ef ákveðið verður að greiða úreldingarstyrki skv. 1. mgr. skal endurreikna styrki til þeirra krókabáta sem þegar hafa fengið greidda styrki til samræmis við hinar breyttu reglur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 31. desember 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í lok 8. málsl. 8. mgr. 6. gr. laganna falla brott orðin „enda verði bátum ekki haldið til veiða á því veiðitímabili sem sóknardagar eru fluttir frá“.

2. gr.

Í stað orðanna „þess veiðitímabils sem sóknardagar eru fluttir frá“ í 11. málsl. 8. mgr. 6. gr. laganna kemur: þriðja veiðitímabils

3. gr.

Í stað orðanna „fiskveiðiársins 1996/1997“ í 12. málsl. 8. mgr. 6. gr. laganna kemur: fiskveiðiársins 1995/1996.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 31. desember 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.